

109. mál, þingsályktunartillaga

Hafþór Sævarsson

144. löggjafarþing 2014-2015

Olga Margrét Cilia

Umsögn

26.03.2014

Umsögn okkar lýtur að því, að ef til þess kemur að lagaákvæðið verði útfært, að tekið verði tillit til annarra samgöngumáta en bifreiða. Í danska skattakerfinu, þá fá allir afslátt ef þeir þurfa að ferðast tiltekna vegalengd vegna vinnu, hvort sem það er á bifreið, hjóli eða með almenningssamgöngum. Eins og þingsályktunartillagan er orðuð nú með greinargerð, virðist einungis verið að ívilna þeim sem eiga bifreið. Teljum við að það fari í bága við jafnréttissjónarmið og mismuni þeim sem ekki hafa efni til eða áhuga á að halda úti bifreið. Auk þess teljum við að betri rök séu fyrir hendi fyrir ívilnun fyrir þá sem kjósa að ferðast með almenningssamgöngum eða reiðhjóli. Teljum við að það fyrirkomulag geti verið hvetjandi fyrir fólk að kynna sér nýja samgöngumáta, auk þess sem það gæti skapað þrýsting á byggðarkjarna að koma upp góðum og öflugum almenningssamgöngum á milli bæja. Teljum við að það væri gott fyrir umhverfið og lýðheilsuna og gæti minnkað kostnað annars staðar, til dæmis í heilbrigðiskerfinu. Rannsóknir sýna að þeir sem hreyfa sig meira dags daglega eiga síður á hættu að þjást af svo kölluðum lífsstílssjúkdómum. Við leggjum því til að þingsályktunartillagan hljóði svo: „Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, sem feli í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um að þeim skattskyldu mönnum sem greiða þurfa háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu, óháð ferðamáta, innan tiltekinnna og skilgreindra atvinnusvæða innan lands verði veittur afsláttur af tekjuskatti. Í framhaldinu útfæri ráðherra og setji slíkar reglur.”

24.3.2015

Skattaafsláttur vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu.

Ég heiti Ragnar Þ. Þóroddsson og vil gera umsögn við mál 109. Það eru mörg atriði sem styðja við þessa tillögu. Ein er sú að með batnandi samgöngum færirst í vöxt að fólk eigi heima í einu sveitafélagi en vinni í öðru.

Ýmsar ástæður liggja að baki slíku fyrirkomulagi og eru þær flestar af hagkvæmisástæðum. Tildæmis hér á Stór- Reykjavíkursvæðinu (Reykjavík, Reykjanes, Hveragerði-Selfoss-Grundartandi - Akranes) er stór hópur fólks sem keyrir á milli í og úr vinnu á hverjum degi og er einkum ástæðan gífurlegar hækkanir á húsnæðisverði í Reykjavík og nágrenni. Mundi þessi skattaafsláttur einnig stuðla að jafnari húsnæðisverði með aukinni eftirspurn eftir húsnæði í nágrannasveitafélögum og vonandi minkandi eftirspurn í Reykjavík og þar ætti verð að lækka öllum til hagsbóta. ÞAÐ ER EKKI EFNAHAGSLEGA HVETJANDI AÐ HÚSNÆÐISVERÐ Í LANDINU HÆKKI ALLTAF UM TUGI PRÓSENTA YFIR STUTT TÍMABIL. Einnig hefur benzínverð farið ört hækkandi að undanfögnu með síauknum kostnaði fyrir þetta fólk. Ég las umsögn ríkisskattstjóra um þetta mál og fannst hans álit fremur klént. Mátti helst skilja á honum að hann var á móti þessu vegna aukinnar vinnu hjá embættinu. Vill hann helst hafa tíma til að naga blýanta í stað þess að eyða tíma til að efla hag bæði ríkisins og skattþega? Það er líka dýrt að flytja alltaf og telst mér að 70% af þjóðinni sé að flytja á hverju ári. Þessi lög myndu draga úr flutningum fólks milli sveitafélaga til lengri tíma þó svo mikið rót myndi verða fyrsta árið. Þetta myndi einnig virka sem sveiflujöfnun milli sveitafélaga ef eitt myndi búa við þenslu út af einhverjum framkvæmdum (stóriðju eða auknum veiðiheimildum) en næsta í grenndinni myndi verða fyrir einhverju áfalli sem myndi minnka framboð af atvinnu tímabundið eða til lengri tíma (kvótasölu eða hrinu gjaldþrota) Mér er kunnugt að svona er þessu háttað í nágrannlöndum okkar og því ekki hér sem búum fá í stóru landi og þurfum að vera sveijanleg ef eitthvað kemur uppá.

Vona ég innilega að þessi tillaga verði samþykkt sem fljótast svo gagnast megi sem fyrst því fjölda fólks sem hefur verulegan kostnað af því að koma sér í og frá vinnu dagsdaglega.

Virðingarfyllt

Ragnar Þóroddur Þóroddsson, Hafnarfirði og Reykjanesbæ

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. mars 2015
R2015030009/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um skattaflátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu - 109. mál, þskj. 109

Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 5. mars 2015 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem felir í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um afslátt af tekjuskatti þeim til handa sem bera háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinna og skilgreindra atvinnusvæða.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að fólk í þéttbýli sem dreifbýli hafi í síauknum mæli leitað í störf í nágretta bæjar- og sveitarfélögum. Þessi þróun hafi leitt af sér sífellt stækkandi atvinnusvæði og lengri akstur og ferðir vegna vinnu. Þá sé ljóst að á sumum svæðum sé engum almenningsamgöngum til að dreifa.

Jafnframt kemur fram í tillögunni að hún sé sama efnis og tillögur sem lagðar hafa verið fram á 140. löggjafarþingi (639. mál), 141. löggjafarþingi (105. mál) og 143. löggjafarþingi (300. mál).

Af framangreindu tilefni leyfir ríkisskattstjóri sér að vísa til umsagnar sem send var nefndasviði Alþingis þann 30. janúar 2013. Í umsögninni segir:

„Tillaga þessi er frekar óljós og virðist samkvæmt henni að ráðherra sé ætlað að móta frádráttarreglur. Meginreglan er hins vegar sú í lögum um tekjuskatt að frádráttarliðir séu ákveðnir með lögum. Ekki kemur fram hvort að slíkar frádráttarreglur sé ætlaður staður í skattmati sem ríkisskattstjóri semur og gefur út að fengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðherra. Þá er mikilvægt að haft sé í huga að allar frádráttarreglur frá tekjuskattsstofni eru einnig frádráttarreglur frá útsvarsstofni. Ekki kemur heldur fram í tillögunni hvort hinum nýju viðmiðunum sé ætlað að gilda einungis við álagningu opinberra gjalda eða hvort að launagreiðandi eigi að veita afslátt frá staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að frádráttur vegna ferðakostnaðar milli heimilis og vinnustaðar var felldur niður fyrir 26 árum síðan þegar staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp. Sá frádráttur var bundinn skilyrðum um tiltekna fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar. Rök fyrir niðurfellingu frádráttarins á sínum tíma voru þau að frádrættir væru almennt taldir flækja skattframkvæmd, bæði í staðgreiðslu og við álagningu. Flóknari skattframkvæmd leiðir almennt til þess að skatteftirlit er erfiðara

en ella. Ennfremur er ljóst að með upptöku staðgreiðslukerfisins var stefnt að einföldu og gagnsæju skattkerfi með fáum frádráttarheimildum og þannig myndi skapast grundvöllur til að hafa skattstofninn sem breiðastan en skatthlutföllin sem lægst. Eiga sömu sjónarmið við í dag. Þá er ástæða til að taka fram að samhliða niðurfellingu á nokkrum frádráttarliðum var tekinn upp hár persónuafsláttur sem m.a. var ætlað að bæta fyrir niðurfellingu frádráttarliða. Upptaka frádráttarheimildar af þessu tagi yrði brotthvarf frá fyrri stefnumörkun.


Ástæða er til að taka fram að í gildistíð eldri laga risu mörg ágreiningsmál milli skattstjóra sem þá störfuðu og hlutaðeigandi framteljanda um réttmæti frádráttar, þar sem deilt var um fjarlægðir á milli vinnustaða og heimilis. Augljóst er því að ef af slíkri lögfestingu yrði myndi ekki aðeins skattframkvæmdin flækjast heldur fjölga deilumálum sem skapar aukið álag á skattfyrvöld, ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd og þar með auka kostnað við skattframkvæmd sem því nemur.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri afar margt mæla gegn samþykkt tillögunnar.“

Að mati ríkisskattstjóri er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um efni þeirrar tillögu sem hér er til umsagnar og vísar til fyrri umsagnar um sama efni.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8–10
150 - Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2015

1503021SA VRH/mkh
Málalykill: 401

Efni: Þingsályktun um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu, 109. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 5. mars 2015, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu, 109. mál. Umsagnafrestur var til 26. mars 2015.

Með eftirfarandi tillögu er verið að leggja til að Alþingi feli fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi tillögu sem feli í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um að þeim einstaklingum sem greiða tekjuskatt og þurfa að greiða mikinn kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinna og skilgreindra atvinnusvæða innanlands verði veittur afsláttur af tekjuskatti.

Breyting sem þessi getur haft töluverða þýðingu varðandi búsetuskilyrði fólks. Hún myndi að öllum líkindum styrkja búsetu í mörgum byggðarlögum sem liggja nálægt höfuðborgarsvæðinu eða öðrum stórum atvinnusvæðum. Eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni hafa byggða- og atvinnusvæði stækkað m.a. vegna bættra samgangna sem leitt hafa til lengri aksturs og aukins ferðakostnaðar vegna vinnu. Einnig kemur þar fram að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að stækka og styrkja atvinnusvæði í öllum landshlutum og styrkja þannig meginþéttbýliskjarna hvers svæðis. Skattkerfisbreyting sem þessi styður vel við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar.

Fyrrgreind breyting gæfi fólki einnig aukin tækifæri til að búa utan helstu byggðarlaga og fjárfesta í ódýrara húsnæði í nálægðum byggðum. Sú breyting gæti að einhverju leyti virkað sem mótvægi við þá stöðu sem er á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu í dag.

Sambandið tekur undir umsögn Byggðastofnunar, um sama frumvarp frá 141. löggjafarþingi (105. mál), þar sem talað er um að eðlilegt sé að skattkerfinu sé beitt til að ná markmiðum í byggðamálum ekki síður en á ýmsum félagslegum sviðum.



Samband íslenskra sveitarfélaga tekur því jákvætt í tillöguna og telur mikilvægt að horft sé til verklags í öðrum norrænum ríkjum í þessu efni. Sambandið áskilur sér samt sem áður rétt til að hafa skoðun á málinu síðar, leiði samþykkt þingsályktunartillögunnar til lagafrumvarps sem lagt verði fram á Alþingi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson framkvæmdastjóri